BYGGÐASTOFNUN
Ártorgi 1
550 Sauðárkróki
Sími 455 54 00
Fax 455 54 99
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

# Árshlutareikningur Byggðastofnunar janúar-júní 2019

Árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar-júní 2019, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 30. ágúst 2019.

Hagnaður tímabilsins nam 24,7 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall í lok júní skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 20,07%.

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

## Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Byggðastofnunar janúar-júní 2019

- Hagnaður tímabilsins nam 24,7 milljónum króna.
- Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 20,07% en skal að lágmarki vera 8% auk 1,25% sveiflujöfnunarauka og 2,5% verndunarauka, eða samtals 12,25%. Þann 1. febrúar 2020 mun sveiflujöfnunarauki verða 2,0% þannig að samanlögð krafa um eiginfjárauka veðrur 12,50%
- Hreinar vaxtatekjur voru 253 milljónir króna eða 41,5% af vaxtatekjum, samanborið við 227,6 milljónir króna (44,4% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2018.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 288,4 milljónum króna samanborið við 265,8 milljónir árið 2018.
- Eignir námu 17.052 milljónum króna og hafa hækkað um 2.166 milljónir frá árslokum 2018. Þar af voru útlán 13.039 milljónir samanborið við 12.113 milljónir í lok árs 2018.
- Skuldir námu 13.907 milljónum króna og hækkuðu um 2.141 milljónir frá árslokum 2018.

## Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is

## Lykiltölur úr árshlutareikningi og samanburður við fyrri ár

| | 30.6.2019 | 2018 | 30.6.2018 | 2017 | 30.6.2017 | 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. |
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | |
| Vaxtatekjur | 610.106 | 1.098.491 | 512.974 | 855.106 | 440.926 | 805.887 |
| Vaxtagjöld | 356.982 | 630.646 | 285.375 | 428.828 | 226.803 | 375.330 |
| *Hreinar vaxtatekjur* | 253.123 | *467.845* | 227.599 | *426.278* | 214.123 | *430.558* |
| Rekstrartekjur | 281.410 | 616.573 | 296.438 | 549.588 | 237.699 | 509.380 |
| *Hreinar rekstrartekjur* | 534.533 | *1.084.418* | 524.037 | *975.866* | 451.822 | *939.937* |
| Rekstrargjöld | 509.786 | 971.031 | 461.344 | 876.235 | 471.892 | 782.821 |
| **Hagnaður (-tap) ársins** | **24.747** | **113.387** | **62.693** | **99.631** | **-20.070** | **157.116** |
| Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár | | | | | | |
| Framl. í afskriftarr. útlána og matsbr. hlutaf. | 78.868 | 114.851 | 25.226 | 111.179 | 82.239 | 83.184 |

| **Efnahagsreikningur** | **30.6.2019** | **31.12.2018** | **30.6.2018** | **31.12.2017** | **30.6.2017** | **31.12.2016** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | |
| Bankainnistæður | 2.196.940 | 1.102.471 | 1.188.208 | 1.089.861 | 1.709.560 | 2.757.542 |
| Útlán til viðskiptavina | 13.039.452 | 12.113.274 | 12.078.084 | 10.463.653 | 10.008.823 | 9.679.575 |
| Fullnustueignir | 363.902 | 347.510 | 330.010 | 340.510 | 385.010 | 445.552 |
| Veltuhlutabréf | 587.355 | 571.706 | 564.108 | 594.926 | 639.065 | 683.414 |
| Hlutdeildarfélög | 674.017 | 642.237 | 647.421 | 576.288 | 540.458 | 499.258 |
| Skuldunautar | 6.023 | 29.713 | 4.535 | 14.147 | 6.470 | 18.689 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 184.794 | 79.403 | 69.416 | 53.858 | 62.168 | 56.194 |
| **Eignir samtals** | **17.052.483** | **14.886.313** | **14.881.780** | **13.133.244** | **13.351.555** | **14.140.223** |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | | |
| Lántökur og skuldabréfaútgáfur | 13.678.567 | 11.504.095 | 11.641.706 | 9.920.045 | 10.303.458 | 11.003.741 |
| Óráðstöfuð framlög | 96.590 | 123.593 | 60.030 | 130.852 | 92.607 | 141.783 |
| Aðrar skuldir | 131.899 | 137.944 | 110.057 | 75.053 | 67.896 | 87.037 |
| **Skuldir samtals** | **13.907.056** | **11.765.633** | **11.811.793** | **10.125.951** | **10.463.962** | **11.232.561** |
| Eigið fé | 3.145.427 | 3.120.680 | 3.069.987 | 3.007.293 | 2.887.593 | 2.907.663 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **17.052.483** | **14.886.313** | **14.881.780** | **13.133.244** | **13.351.555** | **14.140.223** |

| **Sjóðstreymi** | **30.6.2019** | **2018** | **30.6.2018** | **2017** | **30.6.2017** | **2016** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé (-til) frá rekstri | 75.290 | 248.164 | -10.848 | 290.075 | 151.600 | 241.768 |
| Fjárfestingarhreyfingar | -767.911 | -1.327.614 | -1.436.272 | -765.620 | -511.135 | -738.880 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 1.787.092 | 1.092.060 | 1.545.468 | -1.192.136 | -688.446 | 173.422 |
| *Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé* | 1.094.470 | *12.610* | 98.347 | *-1.667.681* | -1.047.981 | *-323.690* |
| Handbært fé í ársbyrjun | 1.102.471 | 1.089.861 | 1.089.861 | 2.757.542 | 2.757.542 | 3.081.232 |
| **Handbært fé í árslok/lok tímabils** | **2.196.940** | **1.102.471** | **1.188.208** | **1.089.861** | **1.709.560** | **2.757.542** |
| Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði | 20,07% | 21,45% | 21,73% | 23,57% | 23,06% | 22,74% |